



**Afmælikveðja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
til Golfsambands Íslands
14. ágúst 2017**

Á þessum miklu tímamótum, 75 ára afmæli, færi ég Golfsambandi Íslands einlægar árnaðaróskir. Á þessari löngu vegferð sambandsins hafa orðið stórstígar framfarir, glæsilegir vellir orðið til um landið allt og iðkendum íþróttarinnar fjölgað mikið.. Nú er golfíþróttin ein vinsælasta almenningsíþrótt í landinu. Og við Íslendingar höfum líka eignast afreksfólk sem hefur gert garðinn frægan á völlum um allan heim. En þar að auki eru golfvellir landsins þéttskipaðir dag frá degi. Þá sækir fólk sem vill vissulega keppa og reyna á sig en stefnir ekki að frægð og frama í íþróttinni. Markmiðið er frekar að njóta samvista með félögum og vini í heilbrigðri útiveru undir berum himni, á grænum flötum.

Þetta er það sem gerir golfið svo gott. Vissulega kemur fyrir að kúlan ratar ekki á flatir og lendir í glompum svo að maður fær skolla eða skramba í stað þess að slá fugl með glæsibrag. En það er líka hluti af leiknum og sérstakar þakkir færi ég forystufólki golfíþróttarinnar fyrir að finna og nota íslensk orð yfir allt sem henni viðkemur. Sú viðleitni er svo sannarlega góðra gjalda verð.

Þótt ég hafi sjálfur enn ekki tekið upp á því að sveifla golfkylfum veit ég frá vinum og vandamönnum að fólk á einkar auðvelt með að ánetjast þessari íþrótt sem er svo góð fyrir líkama og sál.

Ég ítreka að lokum hamingjuóskir mínar og þakkir til Golfsambands Íslands fyrir hið góða starf sem unnið hefur verið, trausta undirstöðu undir vaxandi velgengni íþróttarinnar í framtíðinni.